

**DJÚPVEGUR (61). UM SELJALANDSÓS OG
SELJALANDSÁ Í ÁLFTAFJARÐARBOTNI,
SÚÐAVÍKURHREPPI
Ákvörðun um matsskyldu**

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmd við Djúpveg (61) um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafirði, Súðavíkurbreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Súðavíkurbrepps samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir afstaða Súðavíkurbrepps til þess hvort framkvæmdin samræmist skilmálum aðalskipulags Súðavíkurbrepps 1999-2018. Jafnframt þarf að liggja fyrir deiliskipulag skv. gr. 4.22.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.b. eða meðmæli Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. tl. ákvæða til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á áðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. ágúst 2011.

INNGANGUR

Þann 27. júní 2011 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um fyrirhugaða framkvæmd við Djúpveg (61) um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafirði, Súðavíkurbreppi, samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Súðavíkurbrepps, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Súðavíkurbreppi með bréfi dags. 26. júlí 2011, Fiskistofu með bréfi dags. 7. júlí 2011, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 21. júlí 2011 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 12. júlí 2011. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með tölvupósti dags. 22. og 27. júlí 2011.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Vegagerðin fyrirhugar endurbætur á 0,6 km kafla á Djúpvegi (61) um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafjarðarbotni í Súðavíkurbreppi. Fram kemur að byggja þarf nýjar brýr á Seljalandsós og Seljalandsá er verði álíka langar og núverandi brýr, en tveggja akreina í stað einnar akreinar. Núverandi vegur sé með alltof krappri beygju austan brúar á Seljalandsósi og teljist því hættulegur og því sé kynnt ný veglína rétt neðan núverandi brúa. Fram kemur að áætluð efnispörf sé rúmlega 33.000 m³ og þar sem mjög litlar skeringar verði á vegkaflanum þurfi að flytja nánast allt efni að. Fyrirhuguð sé að efni í undirbyggingu verði annars vegar tekið úr skriðum innst á Vatnshlíð með því að fjarlægja elsta eða gamla veginn þar og hins vegar úr núverandi vegi, sem verði lagður af. Einnig verði notað efni sem hrunið hafi í vegrásir undir Vatnshlíð og í vegrásir á Sjötúnahlíð. Þá sé fyrirhuguð að breikka vegrás í Sjötúnahlíð til að uppfylla kröfur um breidd öryggissvæðis og auka líkur á að grjótt hrynji ekki inn á veginn. Breikkunin sé fyrirhuguð á um 400 m kafla og gróft mat bendi til að hægt verði að taka þar um 10.000 m³. Rofvarnarefni muni fást úr klöpp við hlið vegarins undir Vatnshlíð. Efni í efra burðarlag og slitlag fáist úr efnishaugum í opinni námu á Kambsnesi.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að Álftafjarðarbotni sé vinsælt útivistarsvæði, gott berjaland og silungsveiði í báðum ám. Færsla vegarins frá útivistarsvæðinu og gerð áningarstaða muni skapa öryggi þar sem ekki þurfi þá lengur að leggja bílum í vegbrún. Ryk og hávaði muni líklega hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum á framkvæmdatíma en þó óveruleg, þar sem þau verði tímabundin og muni ekki ná til stórs svæðis eða mikils fjölda. Framkvæmdin sé innan hverfisverndarsvæðis sem nái að sjó, en með breytingu á legu vegarins stækki samfellt svæði við Seljalandsós umtalsvert og neikvæð áhrif á hverfisverndaða svæðið verði því óveruleg.

Áhrif á jarðmyndanir. Fram kemur að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á jarðmyndanir.

Áhrif á landslag. Fram kemur að vegurinn muni liggja um svæði sem þegar sé raskað að tölverðu eða öllu leyti en muni breyta ásýnd lands að einhverju leyti þar sem vegurinn víki út af núverandi vegi. Nýi vegkaflinn muni liggja að hluta um gróið land, engar stórar skeringar muni fylgja framkvæmdinni og hæstu fyllingar verði um 3 m næst brúnum. Gengið verði þannig frá vegsvæði og námusvæðum að þau falli vel að landi. Miðað við staðhætti og útfærslu framkvæmda séu áhrif á landslag og ásýnd talin verða óveruleg.

Áhrif á vatn og silung. Fram kemur að framkvæmdin muni hafa hverfandi eða engin áhrif á vatnsbúskap og sjávarföll á svæðinu þar sem vatnsskipti, sjávarföll, um brú á Seljalandsá verði óbreytt frá því sem nú er. Gæta þurfi þess við hönnun nýrra mannvirkja að fiskur geti gengið hindrunarlaust upp eða niður ár sbr. 35. gr. laga 61/2006 um lax og silungsveiði. Tímabundinna neikvæðra áhrifa kunni að gæta á Seljalandsós og Seljalandsá, t.d með auknu gruggi á framkvæmdartíma.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að á svæðinu hafi fundist 76 tegundir háplantna sem séu algengar á þessu landssvæði, engar plöntur á valista né sem geti talist sjaldgæfar á landsvísu. Gróðursvæði sem verði helst fyrir áhrifum einkennist af grösum og smárunnum þar sem gróðurþekjan sé á bilinu 50-75% og áhrif á gróður talin verða óveruleg.

Fram kemur að engir varpstaðir hafi fundist í fyrirhuguðu vegstæði við vettvangsskoðun en ekki sé hægt að útiloka að fuglar hafi verpt þar síðar um sumarið. Það sé mat Náttúrustofu Vestfjarða að fyrirhuguð veglagning muni hafa lítil áhrif á varpfugla á svæðinu. Við vettvangsskoðun hafi verið um 500 rauðbrystingar í botni Álftafjarðar og flestir á leirunni við fæðuöflun. Rauðbrystingur fari eingöngu um svæðið á leið sinni til varp-/vetrarstöðva á Grænlandi og í Kanada. Sá fjöldi sem hafi viðkomu í botni Álftafjarðar sé um 0,2% af stofninum sem fari um Ísland. Áhrif á fugla séu talin verða óveruleg.

Áhrif á sjávarfitjar og leirur. Fram kemur að það sé mat Náttúrustofu Vestfjarða að framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á leirusvæði í botni Álftafjarðar. Ekki sé unnt að komast hjá því að raska leirum við framkvæmdina en vegurinn verði eins nærri núverandi vegi og unnt sé. Fram kemur að skoðað hafi verið að fylgja að öllu leyti núverandi vegi, en það sé ekki talið raunhæft þar sem talsvert meira land þurfi til að uppfylla kröfur um beygjuradíusa.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að fornleifar sem séu neðan núverandi vegar þ.e. naust nr. 164-2 og rúst/naust nr. 164-3 séu ekki taldar verða í hættu þar sem 10 m verði frá fláafæti nýs vegar að þeim hluta fornminjanna sem verði næst veginum. Til þess að koma í veg fyrir rask minjanna verði haft samráð við minjavörð Vestfjarða um merkingar og aðrar hugsanlegar aðgerðir áður en framkvæmdir hefjist.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar og framkvæmdin sjálf sé að mati Vegagerðarinnar í fullu samræmi við Aðalskipulag Súðavíkurbrepps 1999-2018.

Tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi vegfarenda á Djúpvegi á þeim vegköflum sem framkvæmdin hefur bein áhrif á.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Í umsögnum Súðavíkurbrepps, Fiskistofu, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Súðavíkurbrepps kemur fram að sveitarstjórn telur framlögð gögn gefa skýra mynd af framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar. Bent er á að fyrirhuguð efnistaka í rofvarnir sé ekki úr námu sem tilgreind er í aðalskipulagi en um sé að ræða ófrágengna námu í klöpp við hlið vegarins í Vatnshlíð sem Vegagerðin hafi nýtt efni úr. Sveitarstjórn setur sig ekki á móti efnistöknunni en leggur áherslu á mikilvægi þess að frágangur verði góður, vegskeringar verði ekki hafðar ófrágengnar lengur en

nausðyn er og frágangur samræmist landslagi eins og kostur er að framkvæmd lokinni. Ennfremur tekur sveitarstjórn fram að mikilvægt sé að framkvæmdin verði eins og fram kemur í framkvæmdalýsingu og ef þörf verði á breytingum verði það gert í samráði við Súðavíkurbrepp.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila er undirstrikað framkvæmdin verði ekki án leyfis sveitarstjórnar Súðavíkurbrepps og að öll hönnun þessa mannvirkis ásamt tengingum að áningastöðum og staðsetningu þeirra hafi farið fram í samráði við sveitarstjóra.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að Seljalandsós og Seljalandsá séu brattar dragár, sem komi niður af Vestfjarðahálendinu fyrir botni Álftafjarðar. Ekki séu Veidifélög um árnar og litlir hagsmunir varðandi veiðar á ferskvatnsfiskum, þótt einhver bleikja gangi í þær. Ekki verði séð að nýjar brýr á svæðinu valdi neinum búsigjum varðandi göngu ferskvatnsfiska.

Fornleifavernd ríkisins bendir á í umsögn sinni að til að koma í veg fyrir að fornleifar raskist af vangá á framkvæmdatíma þurfi að girða af þær sem næstar séu, varast að hafa vinnuskúra og efnisgeymslur of nálægt fornleifum og haga akstri vinnuvéla með tilliti til fornleifa.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila er undirstrikað að afmörkun fornleifa sé liður í vinnubrögðum Vegagerðarinnar sem verði í samráði um það við Fornleifavernd ríkisins svo og um staðsetningu vinnubúða.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er vísað til nokkurra atriða í gögnum framkvæmdaraðila svo sem að efni verði að mestu leyti tekið við núverandi veg og á aflögðu vegsvæði og ekki opnaðar nýjar námur. Skerðing verði á leirum í botni Álftafjarðar, sem njóti verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en þær séu hins vegar talsvert raskaðar vegna efnistöku. Þá komi fram að helsta fæðuöflunarsvæði rauðbrystings sé utan skilgreinds framkvæmdasvæðis og að það sé mat Náttúrustofu Vestfjarða framkvæmdin muni hafa lítil áhrif á leirusvæði í botni Álftafjarðar. Umhverfisstofnun telur því ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbætur á 0,6 km kafla á Djúpvegi (61) um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafjarðarbotni í Súðavíkurbreppi. Byggja þarf nýjar brýr á Seljalandsós og Seljalandsá er verða álíka langar og núverandi brýr, en tvær akreinar í stað einnar og lagður nýr vegur að þeim rétt neðan núverandi brúa. Áætluð efnisþörf er um 33.000 m³. Efni í undirbyggingu verður tekið úr skriðum innst á Vatnshlíð annars vegar með því að fjarlægja elsta eða gamla veginn þar og hins vegar úr núverandi vegi, sem verður lagður af. Einnig verður nýtt efni sem hrúnið hefur í veigrásir undir Vatnshlíð og í veigrásir á Sjötúnahlíð auk þess sem breikka á veigrás í Sjötúnahlíð á um 400 m kafla og taka þar um 10.000 m³. Rofvarnarefni mun fást úr klöpp við hlið vegarins undir Vatnshlíð. Efni í efra burðarlag og slitlag verður unnið í opnum námum á Kambsnesi.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif á verndarsvæði. Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið er samkvæmt Aðalskipulagi Súðavíkurbrepps 1999-2018, að mestu leyti innan hverfisverndarsvæðis í botni Álftafjarðar. Stofnunin telur í ljósi fram lagðra gagna að áhrif framkvæmdarinnar á núverandi landnotkun verði óveruleg. Hins vegar þarf að

liggja fyrir afstaða Súðavíkurrepps til þess hvort framkvæmdin samræmist skilmálum aðalskipulags Súðavíkurrepps um hverfisverndarsvæðið.

Áhrif á jarðmyndanir, efnistaka. Skipulagsstofnun telur að þar sem vegurinn fer nánast ekkert út á leirur í Álftafirði verði áhrif á þær óveruleg.

Efnisþörf vegna framkvæmdarinnar er áætluð rúmlega 33.000 m³ og þarf að flytja allt efnið að en samkvæmt gögnum Vegagerðarinnar muni það aðeins að litlu leyti koma úr námum.

Skipulagsstofnun fellst á að efnistaka þar sem fyrirhugað er að fjarlægja elsta eða gamla veginn í Vatnshlíð og núverandi veg þar sem hann verður lagður af, teljist ekki námuvinnsla að því tilskyldu að efni verði ekki tekið úr skriðunni ofan vegarins, það er að ekki myndist skering í skriðuna sbr. mynd 2 í tilkynningu Vegagerðarinnar.

Skipulagsstofnun getur einnig fallist á að efnistaka sem fyrirhuguð er með því að fjarlægja efni sem hrunið hafi í vegrásir undir Vatnshlíð og á Sjtótúnahlíð sé ekki námuvinnsla heldur liður í viðhaldi vegarins.

Skipulagsstofnun telur hins vegar að breikkun vegrásar á um 400 m kafla í Sjtótúnahlíð, þar sem gróflega er áætlað að fáiast 10.000 m³, flokkist undir að vera námuvinnsla er kunní að hafa áhrif á jarðmyndunina sem samkvæmt mynd 6 í skýrslu Vegagerðarinnar er töluvert gróin skriða. Ekki liggur fyrir hve langt upp í skriðuna raskað svæði kann að ná að efnistöku lokinni, en áformað er að taka að meðaltali 25 m³/m, eða hvort skriðan kunní að verða óstöðugri að efnistöku lokinni. Stofnunin telur að áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þurfi sveitarstjórn að taka afstöðu til þess hvort hún telji að efnistakan samræmist skilmálum Aðalskipulags Súðavíkurrepps 1999-2018.

Skipulagsstofnun tekur undir með sveitarstjórn að ófrágengin náma í Vatnshlíð, þar sem fá á um 3.600 m³ af rofvarnarefni, er ekki í samræmi við aðalskipulag. Fram kemur í umsögn sveitarstjórnar að hún setur sig ekki á móti efnistöku en leggur áherslu á mikilvægi þess að frágangur verði góður og samræmist landslagi eins og kostur er.

Skipulagsstofnun bendir á að á Kambsnesi, þar sem segir að sé opin bergnáma, er ekki náma samkvæmt Aðalskipulagi Súðavíkurrepps 1999-2018 en fram kemur í tilkynningunni að þar sé nægilegt efni í efnishaugum í burðar- og slitlög fyrir framkvæmdina.

Skipulagsstofnun bendir á að eina náman sem er í Álftafirði samkvæmt Aðalskipulagi Súðavíkurrepps 1999-2018 er í Hattardal og samkvæmt greinargerð aðalskipulagsins er efni þar hæft í burðarlag.

Áhrif á gróður og dýralíf. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna að áhrif framkvæmdarinnar á gróður og dýralíf verði ekki veruleg.

Áhrif á menningarminjar. Skipulagsstofnun telur í ljósi framlagðra gagna um fyrirhugaðar merkingar fornleifa, að áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verði óveruleg.


Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd á

Djúpvegi 861) um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafirði, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Súðavíkurrepps samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir afstaða Súðavíkurrepps til þess hvort framkvæmdin samræmist skilmálum aðalskipulags Súðavíkurrepps 1999-2018. Jafnframt þar að liggja fyrir deiliskipulag skv. gr. 4.22.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 m.s.b. eða meðmæli Skipulagsstofnunar samkvæmt 1. tl. ákvæða til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Heilbrigðisgæfirlits Vestfjarða skv. reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 30. ágúst 2011.



Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

Skipulagsstofnun